

64. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólmsb hélt fund mánudaginn 2. maí 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, formaður, Linda S. Sigurðardóttir, og Ingveldur Eyþórsdóttir úr fræðslunefnd, Gunnar Svanlaugsson og Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjórar, Kristín Sigurðardóttir og Einar Gunnarsson, fulltrúar starfsmanna og Kristín Víðisdóttir, fulltrúi foreldrafélags grunnskóla.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

Grunnskóli.

Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Skólalok:

- a) Prófum/námsmati verður lokið hjá 10. bekk föstudaginn 20. maí.
- b) Samræmd próf verða 9., 10., 12., 13., 17. og 18. maí.
- c) Prófdagar hjá 5.-9. bekk verða 26.-31. maí.
- d) Síðasti kennsludagur skv. stundaskrá verður 31. maí.
- e) Útivistar- og vettvangsdagar verða 1. og 2. júní.
- f) Skólaslit verða fimmtudaginn 9. júní kl. 18:00, frestað vegna einkunna úr samræmdum prófum.

Annað:

- a) Skólasýningu frestað vegna verkfalls o.fl.
- b) Hreinsunardagur verður föstudaginn 20. maí.
- c) Skyndihjálparnámskeið hjá 10. bekk verður 17.-20. maí, kennari verður Sólborg Olga.
- d) Aukatímar hjá 10. bekk voru samþykktir.
- e) Mötuneyti – Narfeyrarstofu, Fimm fiskum og Hótel Stykkishólmi var boðið að senda tilboð.
- f) Vorskóli, umsjón Sigurborg Sturludóttir, kennari.
- g) Fjarnámsnemendur 2005 eru um 20 talsins.
- h) Starfsmannaviðtöl ganga vel.
Einar sagði frá stemningunni í 10. bekk.
Rætt um áhrif samræmdra prófa á nemendur.

Leikskóli

Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Opið hús var á sumardaginn fyrsta, 21. apríl, og komu um 200 gestir.

22. apríl voru fyrstu skóflustungurnar teknar að nýjum leikskóla, í góðu veðri.

Farið var yfir teikningar Arkís af nýja leikskólanum og eru þær tilbúnar til útboðs.

Þriðji starfsdagurinn var samþykktur.

Aðlögun á milli deilda er hafin.

Vorferð er fyrirhuguð í maí, á vegum foreldrafélagsins.

2. Önnur mál.
Starfsmannasamtöl í GSS.
Ánægja meðal starfsmanna með hvaða hætti þau fara fram. Þeim fer senn að ljúka.

Skólastjóra falið að fylgja eftir gangbrautarmáli við Skólastíg.

Næsti fundur ákveðinn 6. júní nk. kl. 17:00.